

Sþ.

78. Tillaga til þingsályktunar

[76. mál]

um heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár.

Flm.: Ingvar Gíslason, Páll Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Magnús H. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera heildaráætlun um skólaþörf landsmanna næstu 10—15 ár, bæði að því er varðar almenna skóla og hvers kyns sérskóla og aðrar fræðslustofnanir, enda nái áætlunin jafnt til þeirra skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, sem hinna, er ríkið stendur eitt undir eða nú eru reknir af einkaaðilum. Skal áætlun þessi m. a. verða grundvöllur undir gerð framkvæmdaáætlana á sviði skólabygginga. — Skal áætlunargerðinni lokið eigi síðar en einu ári eftir samþykkt ályktunar þessarar. Ber ríkisstjórninni að leggja áætlunina fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Í 4. gr. laga nr. 49 1967, um skólakostnað, segir svo, að menntamálaráðuneytið láti gera „framkvæmdaáætlun“ um skólabyggingar fyrir allt landið, í fyrsta lagi þess háttar, sem taki til tíu ára tímabils, og í öðru lagi árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Þar sem skólakostnaðarlögin gilda einungis um þá skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, má ætla, að áætlanir um skólaframkvæmdir samkvæmt nefndri lagagrein yrðu einskorðaðar við þessa ákveðnu skóla, og ef við slíkar áætlanir einar yrði látið sitja, mundi það leiða af sér mjög ófullkomna mynd af raunverulegri þörf landsmanna fyrir hvers kyns skóla og fræðslustofnanir í næstu framtíð. Raunar er flutningsmönnum ókunnugt um, að fyrir liggji neins konar áætlunargerð um skólaframkvæmdir eða skólaþörf næsta áratug, hvort heldur er í þrengri eða rýmri skilningi þess orðs.

Með því að ekki er á neinn hátt kleift að gera sér skynsamlega grein fyrir þeim verkefnum, sem óhjákvæmilega biða úrlausnar á sviði skólabygginga í næstu framtíð, er brýn þörf áætlunar af því tagi, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Skólabyggingar eru og verða ætíð hvað fyrirferðamestar á vettvangi opinberra framkvæmda og mynda nú þegar drjúgan hluta heildarfjárfestingar í þjóðfélaginu árlega. Áætlun á sviði skólabygginga er því mikilvæg frá efnahagslegu sjónarmiði séð og hlýtur að teljast nauðsynlegur þáttur í skynsamlegri stjórn efnahagsmála, sem öðru fremur verður að byggjast á raunhæfum áætlunum um þróun allra meginþátta efnahagslífsins um langt eða skammt tímabil eftir atvikum. Í sambandi við stefnumörkun í mennta- og menningarmálum, sem að visu spanna yfir viðáttumikið svið, er höfuðnauðsyn að gera sér grein fyrir eðlilegum „þörfum“ á vettvangi skólamála um lengri eða skemmri tíma. Er þá beinlínis átt við það, að leitast sé við að gera sér grein fyrir og viðurkenna, hverjar kröfur nútímaþjóðfélag gerir á sviði skólamenntunar og fræðslustarfsemi yfirleitt.

Tillögu þessari er ætlað það markmið, að könnuð verði og áætluð raunveruleg þörf þjóðfélagsins fyrir skóla á ýmsum stigum og í ýmsum sérgreinum næstu 10—15 ár.

Tillagan fjallar því ekki fyrst og fremst um „framkvæmdir“ skólabygginga eða röðun þeirra á framkvæmdaskrá, heldur mætti aðallega líta á þá niðurstöðu, sem hún kynni að leiða til, sem grundvöll undir gerð afmarkaðra framkvæmdaáætlana, sem mikil þörf er fyrir. Orðalag tillögunnar er við þetta miðað.